

# Íslenskur sjávarútvegur: Félagsfræðilegur sjónarhóll

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir  
*Háskóla Íslands*

**Útdráttur:** Í þessari yfirlitsgrein er bent á að þrátt fyrir að sjávarútvegurinn tengist sterkt íslenskri þjóðernisvitund má víða greina mótsagnir er tengjast ímynd hans. Enn eru skipstjórar efstir í virðingarstiga sjávarþorpanna þótt deilt sé um það innan fræðanna hve vísindalega þeir standa að veiðunum. Sem lið í stjórnun fiskveiða var komið á umdeildu kvótakerfi árið 1984 og það endurskoðað árið 1991. Arðsemi sjávarútvegsfyrirtækja var sett í öndvegi með þeim afleiðingum að miklar tilfærslur hafa átt sér stað á aflaheimildum og þær færst yfir á færri hendur – til stærri fyrirtækja og færri sjávarþorpa. Sjómenn telja kvótakerfið vera eina mestu ógnina sem starf þeirra stendur frammi fyrir. Kynjabundnar staðalmyndir eru sterkar í sjávarútvegi og þar njóta störf karla almennt meiri virðingar en störf kvenna. Samfara aukinni áherslu á hátækni og sjálfvirkni í sjávarútvegi hefur störfum í fiskvinnslu fækkað á sama tíma og hlutfall erlends starfsfólk hefur hækkað. Samfara aukinni tæknivæðingu hefur verið unnið að því að bæta ýmsa þætti vinnuumhverfisins. Hins vegar hefur einhæfni í fiskvinnsluhúsum aukist sem og andlegt og félagslegt álag á starfsfólk. Dregið hefur úr áhuga Íslendinga á þessum störfum.

*Lykilorð:* Hátækni ■ kynjabundnar staðalmyndir ■ sjálfvirkni  
sjávarútvegur ■ skipstjórar ■ stjórnun fiskveiða

**Abstract:** This review article points out that despite the fact that fisheries is strongly connected to the Icelandic national identity, we find contradictions connected to its image. Still, the skippers are the most respected ones in the fishing villages, even if scholars debated how scientific their fishing methods are. As a part of a fishing policy a controversial quota system was established in 1984, revised in the year 1991. The profitability of the fishing companies was prioritised, with the consequences that large transfers have taken place in quotas and an increased concentration of the ownership to larger companies and fewer fishing villages. Sailors see the quota system as a major threat to their jobs. Gender stereotypes are strong in the fishing industry, where men's jobs generally are more respected than women's jobs. With increased emphasis on high technology and automation in the fisheries, the number of jobs have declined while the proportion of foreign staff has increased. Continued technical improvements has been made to improve various aspects of the working environment. Nevertheless, fish processing is getting more monotone and repetitive with higher mental and social strain among the employees as a consequence. Icelanders are less attracted to these jobs than before.

*Keywords:* Automatisation ■ fishing policy ■ fisheries,  
gendered stereotypes ■ high technology ■ skippers

## Inngangur

Miklar breytingar hafa átt sér stað í íslenskum sjávarútvegi undanfarin ár. Hér má nefna vaxandi áherslu á alþjóðavæðingu vinnuafnsins, hagræðingu í rekstri, aukna samþjöppun fyrirtækja og fjárfestingar í hátækni. Einnig er um að ræða sértækar breytingar sem má rekja til nýrra áherslna við rekstur og stjórnun fiskveiða og fiskvinnslu. Á sama tíma og stjórnvöld hafa lagt ríka áherslu á aukna hagræðingu við veiðar og vinnslu hafa þau dregið mjög úr opinberum styrkjum til sjávarútvegs. Hnignun sjávarbyggða er staðreynd sem Þóroddur Bjarnason (2012) bendir á að eigi sér annars vegar almennar orsakir á borð við auknar kröfur um þjónustu í heimabyggð, hækkandi menntunarstig þjóðarinnar og þörf fyrir sérhæft vinnuafli; hins vegar sé um að ræða sértækari orsakir á borð við aflasamdrátt, samþjöppun, breytingar í fiskvinnslu og aukinn útflutning á ferskum fiski.

Hjá þjóð, þar sem sjávarútvegur er eins veigamikill og raunin er á Íslandi og þar sem hafið og fiskveiðar gegna jafn mikilvægu hlutverki við sköpun þjóðarvitundar, má teljast eðlilegt að fræðafólk á ýmsum sviðum félagsvísinda skoði ýmsar hliðar sjávarútvegs. Hér á landi hafa einkum félagsfræðingar, mannfræðingar og hagfræðingar rannsakað sjávarútvegsmál út frá þáttum er lúta að atvinnulífi, búsetu, efnahag, fiskveiðistjórnun, kynjafræði, menntun og vinnuvistfræði, svo dæmi séu nefnd. Í þessari yfirlitsgrein er gerð grein fyrir rannsóknum á þessu sviði sem birtar hafa verið síðastliðna fjóra áratugi. Einkum er horft til rannsókna á sviði félagsfræði þótt einnig sé fjallað um nokkrar mannfræðirannsóknir enda hafa þær að hluta til verið unnar í samstarfi við félagsfræðinga eða verið viðbrögð við félagsfræðilegum rannsóknum. Í ljósi þess að sjávarútvegur er ekki hluti af hefðbundnu fræðasviði félagsfræðinnar þá verður umfjöllun um erlendar rannsóknir fyrirferðarminni en ella. Þar sem hér er á ferðinni yfirlitsgrein og rannsóknirnar, sem fjallað verður um, eru af ólíkum toga, þá markar fræðileg umræða þeirra ekki heild og verður því fléttuð inn í umfjöllun um rannsóknarniðurstöður.

## Ímynd og ógnir

Samkvæmt Hagstofu Íslands (e.d.) nam útflutningur á sjávarafurðum 41,9% alls vöruútflutnings á Íslandi fyrstu níu mánuði ársins 2015. Þrátt fyrir að sjávarútvegurinn tengist mjög íslenskri þjóðernisvitund og hafi lagt grunninn að velmegun þjóðarinnar á 20. öld má víða sjá sterkar mótsagnir er lúta að ímynd þessarar atvinnugreinar. Þannig má nefna að á sama tíma og fiskvinnslufólk bendir á mikilvægi fiskvinnslunnar og þá virðingu, sem slík störf ættu að njóta í samfélaginu, þá letur það nákomna ættingja til þess að leggja þennan starfsvettvang fyrir sig þar sem um of erfiða og lítills metna vinnu sé að ræða (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 1995). Einnig bendir Unnur Dís Skaptadóttir (2000a) á þá þversögn að almennt hafi störf, sem tengjast sjávarútvegi, verið illa metin alla 20. öldina, einkum þó fiskvinnslustörfin, þrátt fyrir að sjómenn hafi á sama tíma haft táknræna stöðu sem þjóðhetjur. Sjómenn eru þó langt frá því að vera einsleitir hópur og virðing þeirra mótast meðal annars af því hversu fengsæl skip þeirra eru og hvaða stöðu þeir gegna um borð. Skipstjórinn er efstur í virðingarstiga áhafnarinnar og hið sama má segja um stöðu skipstjóra í sjávarþorpunum.

Unnur Dís bendir jafnframt á að í óskalaþætti sjómanna, sem spilaður var vikulega í Ríkisútvarpinu allt fram á níunda áratug síðustu aldar, hafi sjómönnum verið sendar kveðjur um leið og spiluð voru dægurlög þar sem sannri íslenskri karlmennsku var lýst. Þessi karlmennska einkenndist af ævintýramennsku og hetjulund sjómanna sem áttu í baráttu við hin óblíðu náttúruöfl langt úti á hafi. Í dægurlagatextunum hugsuðu sjómenn þó ekki eingöngu um starfið heldur létu þeir sig einnig dreyma um lauslæti, konur og vín. Lag og ljóð Lofts Guðmundssonar og Oddgeirs Kristjánssonar, „Ship-o-hoj“, var sungið af Ragnari Bjarnasyni

inn á plötu árið 1962 og var með vinsælustu lögum þjóðarinnar næstu áratugin. Það fangar vel inntak margra sjómannaþexta sem voru vinsælir á þessum tíma:

Sjómannslíf, sjómannslíf,  
draumur hins djarfa manns,  
blikandi bárufans,  
býður í trylltan dans.

Sjómannslíf, sjómannslíf,  
ástir og ævintýr  
fögnuð í faðmi býr  
brimhljóð og veðragnýr.

Shipp-o-hoj, ship-o-hoj  
ferðbúið liggur fley.  
Ship-o-hoj, ship-o-hoj  
boðanna bíð ég ei.

Við stelpurnar segi ég  
ástarljúf orð,  
einn, tveir, þrír kossar  
svo stekk ég um borð.

Ship-o-hoj, ship-o-hoj  
mig seiðir hin svala dröfn.  
Ship-o-hoj, ship-o-hoj  
og svo nýja í næstu höfn.

Þótt ímyndin um hetjur hafsins sé enn sterk í mótun sjálfsmyndar ungra karlmannna í sjávarþorpum víða um land þá hefur sú ímynd veikst og vikið fyrir hugmyndum um ný og ólík tækifæri utan sjávarþorpanna (Unnur Dís Skaptadóttir, 2000a).

Á áttunda og níunda áratug síðustu aldar voru áhugaverðar umræður í íslenska fræðasamfélaginu um hvort svokölluð *skipstjóraáhrif* (e. *skipper effect*) útskýri mismunandi mikinn afla á milli skipa (Gísli Pálsson, 1989; Gísli Pálsson og Durrenberger, 1982; Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson, 1993; Þórólfur Þórlindsson, 1988, 1994). Gísli Pálsson og Durrenberger (1982) og Gísli Pálsson (1989) færðu rök fyrir því að hugmyndin um áhrif skipstjórans sem einstaklings sé byggð á goðsögn, að velgengnin helgist annars vegar af heppni og hins vegar af þáttum eins og sjósókn, stærð báta og reynslu sjómanna. Þórólfur Þórlindsson færði aftur á móti rök fyrir því að persónuleg færni skipstjórans skipti einnig miklu. Því til stuðnings er rannsókn Þórólfs (1988) á skipstjórum síldarbáta sem sýnir að áhrif skipstjórans útskýra á milli 35% og 49% af mismunandi afla skipanna á milli ára.

Þórólfur Þórlindsson (1994) svo og Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson (1993) gagnrýna staðhæfingar um að velgengni skipstjóra helgist af yfirmáttúrulegum eða dulrænum þáttum og sýna þvert á móti fram á að störf skipstjóra séu um margt sambærileg störfum vísindamanna. Þeir safni miklum gögnum eða upplýsingum meðan á veiðunum standi og veiti mörgum smáatriðum athygli, þannig öðlist þeir mikla þekkingu á hegðun fiska og lífinu í sjónum. Athafnir skipstjóranna stjórna þannig af því sem þeir þegar vita um lífríki sjávarins og þá fisktegund sem þeir vilja veiða þá stundina. Góðir skipstjórar séu færir um að þróa

kenningar og spá fyrir um hegðun margra dýrategunda sem tengjast sjónum, þeir „lesi“ um hverfið, litina í sjónum, hegðun fugla og hvala og túlki smáa og stóra þætti sem tengjast lífríki sjávarins hverju sinni. Til þess að geta notað skip og veiðarfæri fagmannlega þurfi þeir að beita bæði innsæi og rökhugsun. Skipstjórar þurfi þannig oft að taka margvíslegar og flóknar ákvarðanir á skömmum tíma sem geta haft áhrif á stærð aflans.

Þórólfur Þórlindsson (1994) bendir þó á að skipstjórnarnir hafi ekki langt skólanám að baki og þekkinguna hafi þeir fyrst og fremst fengið með óformlegu námi. Oftast byrji skipstjórinn starfsferilinn sem háseti en eftir þar til gert nám geti hann orðið stýrimaður og með tímanum skipstjóri. Hann læri af öðrum skipstjórum með því að fylgjast með þeim við vinnu og með því að tala við skipstjóra sem hætt hafa störfum. Þetta hefur þó breyst og auknar kröfur eru nú gerðar um formlega menntun eins og fram kemur í reglugerð nr. 175/2008 um skipstjórnar- og vélstjórnarréttindi á fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum.

Þórólfur bendir jafnframt á að samkeppnin um aflann og sú óformlega þjálfun, sem skipstjórar fá í fiskifræðum, hvetji þá til að þróa eigin leiðir við fiskveiðarnar. Takist þeim vel til gefur það þeim forskot í samkeppninni við aðra skipstjóra. Öfugt við vísindamanninn, sem fær frama sinn staðfestan með því að gefa út verk sín og lýsa þá um leið þeirri aðferðafræði sem notuð var, felst ávinningur skipstjórans fyrst og fremst í því að halda aðferðum sínum og jafnvel árangri leyndum fyrir öðrum (Þórólfur Þórlindsson, 1994).

Gísli Pálsson (1989) heldur því hins vegar fram að sú staðhæfing að persónuleg færni skipstjóra skipti miklu fyrir aflabrögðin gangi í berhögg við rannsóknir sem sýni þvert á móti að sókn skipstjóra fari að mestu leyti eftir skyndilegum hugdettum og handahófskenndum ákvörðunum. Þótt unnt sé að nokkru leyti að skýra val skipstjóra á veiðistað með hliðsjón af hlutlægum og mælanlegum þáttum þá verði ekki séð að skýrt samband sé á milli aðferða skipstjóra við slíka ákvarðanatöku og þess hve vel þeir afla. Ekki sé heldur merkjanlegt samband á milli formlegrar menntunar skipstjóra og aflafangs þeirra (Gísli Pálsson, 1998). Samband er að sögn Gísla á milli fjölda róðra á svæðum, sem enginn reri daginn áður, og aflabragða en hins vegar hverfur það samband þegar tekið er tillit til sóknar og bátsstærðar. Frekari samanburður á aflakóngum og þeim sem minna fiska bendir til þess að lítill munur sé á sókn hópanna tveggja. Tíðar skyndiákvæðanir leiði af sér að: „ef til vill verður aldrei unnt að gera fyllilega grein fyrir athöfnum þeirra“ (Gísli Pálsson, 1989, bls. 69).

Atli Hafþórsson (2017) tók upp þráðinn á ný varðandi skipsstjóraáhrifin þegar hann, í meistaraverkefni í félagsfræði, mældi skilvirkni skipa á uppsjávarveiðum með svokallaðri slembijaðargreiningu (e. *Stochastic Frontier Analysis*). Mælingin var gerð á fjórum tímapunktum; á sildveiðum 1959 og 1962, á loðnuveiðum 1978 og á makrílveiðum 2009. Markmiðið var að leitast við að veita skýrari svör en áður við sumum af þeim álitamálum sem uppi hafa verið um áhrif skipstjóra á magn aflans. Niðurstöður Atla sýndu að áhrif skipstjóra á aflasæld voru mikil á síldarárunum. Áhrifin mældust hins vegar minni á loðnuveiðunum 1978 og á makrílveiðum árið 2009. Niðurstöðurnar sýndu jafnframt að við túlkun niðurstaðna um skipsstjóraáhrif sé nauðsynlegt að taka tillit til svokallaðra samhengisáhrifa. Ástæðan er meðal annars sú að breytingar á tækni og vinnuumhverfi skipstjórans hafa orðið til þess að ekki er hægt að mæla áhrif skipstjóra á aflasæld með sama hætti og áður. Kerfisbreytingar og stórstígar tækniframfarir hafa þannig leitt til þess að birtingarform áhrifanna hefur breyst all mikið. En fleira kemur til. Atli segir: “Hugsanlegt er að áhrif skipstjóra á aflasæld séu síst minni nú en fyrir setningu aflatakmarkana. Þessi áhrif eru hins vegar að óþekktu marki dulin í félagsgerðinni og breyttri stöðu skipstjórans“ (Atli Hafþórsson, 2017, bls. 42).

Ógnir við störf sjómanna er viðfangsefni rannsóknar sem Ingi Rúnar Eðvarðsson hefur unnið ásamt rannsakendum frá Bretlandseyjum, Færeyjum og Grikklandi (Ingi Eðvarðsson o.fl., 2011a; Ingi Eðvarðsson o.fl., 2011b). Í ljós kom að sjómenn þessara landa áttu það

sameiginlegt að líta svo á að störfum þeirra stæði helst ógn af fiskveiðistjórnunarkerfum landanna, efnahag og umhverfisþáttum. Það vekur athygli að sjómönnum fannst þeim almennt standa meiri ógn af þessum þáttum en til dæmis vinnuumhverfinu og aðbúnaði þeirra þótt sjómennskan sé almennt álitin hættulegt starf. Þegar horft var sérstaklega til svara íslenskra sjómanna þá var myndin reyndar örlítið önnur. Þeir áttu það sameiginlegt með sjómönnum hinna landanna þriggja að líta á fiskveiðistjórnunarkerfið sem stærstu ógnina við starf þeirra. Til viðbótar því nefndu íslensku sjómennirnir ógnirnar sem stöfuðu afkostnaði við veiðarnar, vinnuaðstæður (svo sem vegna öryggismála um borð, vályndra veðra og skorts á hæfum áhafnarmedlimum) sem og breytingum á sjávarhitnum.

## Nýting auðlinda

Frá því um miðja 20. öld var uppbygging sjávarútvegsins mestmegnis á þá leið að í hverju þorpi við sjávarsíðuna var eitt ráðandi fiskvinnslufyrirtæki sem hafði átt og rekið fiskvinnsluna og einn eða fleiri togara. Rík hefð var fyrir því að staðbundin samvinnufélög eða bæjarfélög rækju þessi fyrirtæki. Þetta rekstrarform hefur breyst allnokkuð á síðustu árum og dregið hefur úr þátttöku bæjarsjóða við rekstur fyrirtækjanna. Að auki hefur þróunin orðið sú að togarnir selja fiskinn á markað í stað þess að leggja hann inn í tiltekin fiskvinnsluhús. Það – ásamt meiri áherslu á fullvinnslu aflans um borð í togurunum og aukinni sjálfvirkni í fiskvinnsluhúsunum – hefur fækkað störfum í landi til mikilla muna (Einar Eypórsson, 1996a; Gestur Guðmundsson, 1993; Unnur Dís Skaptadóttir, 2004).

Miklar tækni framfarir hafa átt sér stað í sjávarútvegi á síðustu árum. Afleiðingarnar eru ekki eingöngu bætt starfsskilyrði heldur hefur mögulegt aflamagn togaranna aukist gríðarlega. Þetta hefur kallað á endurskoðun á stefnu um nýtingu sjávarauðlinda með það að markmiði að auðlindirnar verði áfram sjálfbærar. Þar sem fyrirkomulag fiskveiðistjórnunar getur haft margvísleg áhrif á velferð og framtíð þjóðfélagsins alls þá getur hún kallað fram margvíslegar deilur (Þóroddur Bjarnason, 2012). Til að stýra aflaheimildum var kvótakerfi komið á fót árið 1984 við nýtingu sjávarauðlindanna. Árið 1991 var kerfinu breytt þannig að kvótinn varð eign einstaklinga sem gátu um leið ráðstafað honum að vild og flutt hann á milli skipa eða byggðarlaga ef því var að skipta. „Með kvótakerfinu var fundin markaðslausn á óumflýjanlegri þörf fyrir hagræðingu í sjávarútvegi þar sem arðsemi sjávarútvegsfyrirtækja var sett í öndvegi“ (Þóroddur Bjarnason, 2012, bls. 9). Þetta leiddi til mikillar eignatilfærslu á kvóta þannig að aflaheimildir hafa í auknum mæli færst yfir á færri hendur; til stærri fyrirtækja og færri sjávarþorpa (Einar Eypórsson, 1996b; Gísli Pálsson og Agnar Helgason, 1996). Mörg sjávarútvegsfyrirtæki misstu eða seldu viljandi kvótann í hendur annarra og skertu þar með réttinn til fiskveiða í viðkomandi sjávarplássi. Kerfinu hefur verið líkt við lénsveldi þar sem kvótalausir sjómenn gerast leiguliðar hjá sægreifunum sem eiga kvótann. Þeir sem grætt hafa á kerfinu eru þeir sem úthlutað var stórum kvóta, þegar kerfinu var komið á fót, og þeir sem gátu keypt sér kvóta áður en verð á honum hækkaði verulega (Einar Eypórsson, 1996a).

Þvert ofan á það sem menn ætluðu varð kvótakerfið strax mjög umdeilt bæði meðal íslensks almennings og meirihluta sjómanna sem gagnrýndu þá þróun að fiskveiðiréttindin gengju kaupum og solum. Í hugum fólks hafði rétturinn til fiskveiða verið samofinn táknrænum hugmyndum um fullveldi þjóðarinnar, persónulegu sjálfræði og sanngirni. Því stríddi kerfið bæði gegn siðferðis- og réttlætisvitund almennings (Agnar Helgason og Gísli Pálsson, 1998; Gallup, 2004; Gísli Pálsson og Agnar Helgason, 1995).

Eftir að grundvöllur skapaðist til þess að selja kvótann og þar með aðgang að fiskimiðunum hefur efnahagslegur ójöfnuður aukist milli þeirra heimila, sem eiga kvóta, og hinna sem eru án hans (Gísli Pálsson, 1989; Unnur Dís Skaptadóttir, 2000b). Sumir kvótaeigendur hafa selt kvótann fyrir háar fjárupphæðir, gjarnan til annarra byggðarlaga, og flutt þannig

fjármagnið jafnvel í annan rekstur, oft á höfuðborgarsvæðinu. Þannig hefur tilfærsla á fjármagni og kvóta aukist á síðustu árum á sama tíma og dregið hefur úr atvinnu í þeim byggðarlögum sem misst hafa kvóta. Íbúarnir sitja eftir með verðlitlar fasteignir og minna framboð af atvinnu. Í lok síðustu aldar máttu þau svæði, sem í mestum mæli höfðu byggt atvinnu sína á sjávarútvegi, þola mikla fólksfækkun, einkum á Vestfjörðum, Austfjörðum og Vesturlandi. Flutningur fiskvinnslunnar út á sjó með tilkomu frystitogara og áður nefnd hagræðing og samdráttur starfa í landvinnslunni hafði þannig umtalsverð áhrif á búsetuþróun á landsbyggðinni (Stefán Ólafsson, 1997; Unnur Dís Skaptadóttir, 2004). Í sama streng tekur Þóroddur Bjarnason (2012) sem bendir á að þótt kvótakerfið hafi stuðlað að eflingu fiskistofna og stórra útgerðarfyrirtækja, gert frekari tæknivæðingu veiða og vinnslu mögulega og þar með eflt öryggi og starfsaðstæður í sjávarútvegi, þá hafi kerfið komið mjög misjafnlega niður á byggðarlögum landsins. Hann bendir á að í umræðum um breytingar á kerfinu sé deilt um æskilegt jafnvægi á milli nokkurra lykilþátta. Þannig virðist nokkuð víðtæk samstaða vera um nauðsyn verndunar fiskistofna, arðsemi fyrirtækja og auðlindarentu ríkisins en minni sátt ríkja um hagsmuni sjávarbyggðanna. Engu að síður kveða núgildandi lög um stjórn fiskveiða (nr. 116/2006) ekki einungis á um að stuðla skuli að verndun og sjálfbærri nýtingu fiskistofna við Ísland, hámarksþjóðhagslegs virðisauka af sjávarauðlindinni ásamt því að tryggja arðsaman sjávarútveg og stöðugt rekstrarumhverfi, heldur er einnig kveðið á um að treysta skuli atvinnu og byggð í landinu. Það kveður við sama tón í frumvarpi til nýrra laga um stjórn fiskveiða sem hefur verið til umræðu í nokkur misseri. Þóroddur Bjarnason (2012, bls. 4) bendir hins vegar á að byggðaaðgerðirnar í núverandi lögum og frumvarpi að nýjum lögum um stjórn fiskveiða séu samtíningur margvíslegra en fremur smávægilegra aðgerða sem „ætlað er að vega á móti neikvæðum afleiðingum kerfisins í heild“. Aðgerðirnar myndi hins vegar hvorki heildstæða stefnu í málefnum sjávarbyggða né endurspegli markmið stefnumótandi byggðaaðtunnar með skýrum hætti. Þetta sé mikilvægt að hafa í huga því framtíð byggðaðróunar hér á landi muni að nokkru leyti hvíla á þróun fiskveiðistjórnarkerfisins.

## Kynjabundnar staðalmyndir

Rannsóknnum, sem fjalla um framlag kvenna til sjávarútvegs og sjávarþorpa, fjölgaði í lok síðustu aldar bæði hér á landi og erlendis. Markmið þeirra var oft að gefa raunsanna mynd af lífi kvenna við sjávarsíðuna í stað fyrri staðalmynda (Davis og Nadel-Klein, 1992; Unnur Dís Skaptadóttir, 1997). Við aldamótin fjallaði R. Hulda Proppé (2002) um tengsl kvenna og auðlindastjórnunar í íslenskum sjávarútvegi og komst að því að ekki er gert ráð fyrir því að konur séu þátttakendur í þeirri stefnumótun. Ástæðurnar að mati Huldu eru fyrst og fremst hugmyndir um útivinnandi karla og heimavinnandi konur; um tvískiptingu veruleikans, þar sem konur tilheyra ekki því hagræna nema í gegnum karla. Þetta er réttlætt og staðfest af þeim sem völdin hafa og af konunum sjálfum. Umræður um kvótakerfið endurspeglar einnig að mati Huldu hugarheim ákveðinnar pólitískrar, efnahagslegrar og fræðilegrar valdastéttar sem ákveður hverjir í samfélaginu ræði kvótamál, hvar og hvernig. Þrátt fyrir mikla þekkingu kvenna á áhrifum auðlindastjórnunar á eigið líf og tilvist þess samfélags, sem þær búa í, gera bæði þær sjálfar og opinberir aðilar lítið úr þekkingu þeirra og reynslu á því sviði. Hulda bendir á að réttur kvenna til auðlindarinnar verði til í gegnum hjúskap, sifjar og vinnu við heimilisstörf og heimilisútgerð. Þetta vekur að mati Huldu upp spurningar um konur sem fullgilda ríkisborgara í íslensku samfélagi. Fleiri hafa bent á að ímyndir kvenna í sjávarþorpum séu mjög samofnar sjómönnum, hetjum hafsins. Eiginkonur sjómanna hafa staðið á bak við hetjurnar og notið virðingar innan samfélagsins sem „sjómanskonur“ en vinnuframlag þeirra við barnaupveldi og rekstur heimilisins hefur samt verið vanmetið. Margar



Þessara kvenna hafa þó ekki einungis verið eiginkonur sjómanna heldur hafa þær einnig lagt sjávarútveginum beint lið með störfum sínum í fiskvinnsluhúsum víða um land. Hefðbundin störf kvenna við fiskvinnslu hafa þó verið fyrirferðarminni í ríkjandi orðræðu um sjávarútveg en störf karla og notið mun minni virðingar. Það kemur meðal annars fram í því að konum þykir almennt í lagi og jafnvel eftirsóknarvert að ganga í hefðbundin karlastörf í fiskvinnslu en karlmenn upplifa það sem lítilsvirðingu að ganga í hefðbundin störf kvenna enda er sjaldgæft að það gerist. Ein helsta undantekningin á því er þar sem erlendir karlmenn eiga í hlut (Husmo, 1993; Unnur Dís Skaptadóttir og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 2000).

Af ofanrituðu má vera ljóst að kynjaskipting starfa í sjávarútvegi er mjög áberandi. Árið 2014 störfuðu hins vegar aðeins 4,5% karla við fiskveiðar og 0,4% kvenna. Hlutfallið í fiskiðnaði er 2,6% karla og 2,9% kvenna (Hagstofan e.d.). Í fiskvinnsluhúsum eru konur þó um 70% starfsfólks. Séu störfin innan fiskvinnsluhúsanna greind kemur hins vegar í ljós skýr kynjaskipting þar sem konur vinna fyrst og fremst við flæðilínu, við snyrtingu og útskurð á fiski, við skoðun og eftirlit. Nær eingöngu karlar starfa við móttöku, á lyfturum og sem tækjamenn. Kynjaskiptingin er heldur jafnari á meðal þeirra sem vinna við flökunar- og roðflettivélar (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 1995, 2001). Þessi mynd hefur ekki breyst og ekki er vitað til þess að markvisst hafi verið reynt að draga úr kynjaskiptingunni í fiskvinnslu á sama hátt og gert hefur verið í álíðnaði hér á landi (Tinna K. Halldórsdóttir og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 2012).

Þegar ástæður kynjaskiptingar í fiskvinnslu eru rannsakaðar vísa stjórnendur og starfsfólk gjarnan til líkamlegs erfiðis hefðbundinna karlastarfa. Auk þess þykja kvennastörfin krefjast „meðfæddrar fingralipurðar“ kvenna. Með þessu er vísað til hefðbundinna og að nokkru leyti goðsagnakenndra viðhorfa um líkamlegt erfiði þeirra starfa sem karlar vinna meðan lítið er gert úr líkamlegu erfiði margra kvennastarfa. Þannig má sjá „karllæga“ skilgreiningu á líkamlegu erfiði en samkvæmt henni felst erfiði fyrst og fremst í því að lyfta þungum hlutum. Í hefðbundnum kvennastörfum í fiskvinnslu er vinnufyrirkomulagið þannig að sjaldan þarf að burðast með þunga hluti. Engu að síður fela störfin í sér mikið líkamlegt álag, vegna mikillar stöðu eða kyrrsetu og endurtekinn einhæfra hreifinga. Það að karlarnir lyfti þungum hlutum aðeins við og við, felur ekki endilega í sér að störf þeirra séu erfiðari líkamega. Þau eru fjölbreyttari og meiri möguleikar eru á að setjast niður og hvíla sig eða að vinna hægar eftir að hafa reynt á sig líkamlega (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 2001; Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Margrét Lilja Guðmundsdóttir, 2004). Álagseinkenni og stoðkerfisvandamál eru einmitt algeng meðal fiskvinnslufólks, einkum þó meðal kvenna, vegna stöðugs álags í kjölfar langvarandi kyrrstöðu og einhæfrar ákvæðisvinnu (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 2001; Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Margrét Guðmundsdóttir, 2004; Hulda Ólafsdóttir, Ólöf Anna Steingrimsdóttir og Vilhjálmur Rafnsson, 1993; Hulda Ólafsdóttir og Vilhjálmur Rafnsson, 1994). Flestar kvennanna eru mun einangraðri í vinnu sinni en karlarnir enda sitja þær eða standa í sömu sporum, oftast við flæðilínu, mestallan daginn og hafa, ólíkt starfsbræðrum sínum, litla möguleika á að hafa samskipti við aðra ef frá eru talin vinnuhlé og kaffitímar. Störf starfsbræðra þeirra fela í sér meiri hreyfanleika og vinna þeirra einkennist fremur af skorpuvinnu. Hvort þeir eru undir tímapressu fer m.a. eftir því hvaða fisktegund er unnið með hverju sinni (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Margrét Lilja Guðmundsdóttir, 2004; Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Unnur Dís Skaptadóttir, 1997; Unnur Dís Skaptadóttir og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 2000).

Þau rök að meðfæddir hæfileikar kvenna til að snyrta fisk séu helsta orsök kynjaskiptingar í fiskvinnslu horfa fram hjá þeirri staðreynd, eins og oft þegar um hefðbundin kvennastörf er að ræða, að færni við að snyrta fisk krefst mikillar verkþjálfunar. Rökin um kvenlega hæfileika gera þannig verklega þekkingu fiskvinnslukvenna ósýnilega (Guðbjörg

Linda Rafnsdóttir, 1995). Í viðtali við kvenkyns verkstjóra, sem hafði kennt strákum að skera og pakka fisk, sagði hún: „Þeir gerðu það vel en það gekk allt of hægt“. Karlkyns verkstjóri sagði aftur á móti: „Það gengur hratt hjá strákunum sem snyrta en þeir gera það svo illa“. Hér eru gagnstæð rök notuð til að renna stöðum undir þá fullyrðingu að konur geti snyrt fisk en karlar ekki. Þetta eru dæmi um að leitað er að rökum til að koma í veg fyrir að múrar kynjaskiptingarinnar falli. Það er nokkuð ljóst að karlarnir í fiskvinnsluhúsinu eru ekki jafn færir og konurnar við að snyrta fisk. Leiða má líkur að því að aðalskýringin sé þó ekki sjálft kynferðið heldur hitt að karlar hafa almennt ekki fengið þá þjálfun sem þarf til þess að snyrta bæði fljótt og vel. Til að geta sameinað hraða og nákvæmni þarf mikla þjálfun og æfingu, einnig meðal kvenna. Það sést til dæmis þegar skólastelpur koma inn í fiskvinnsluhús að sumri og vinna við snyrtingu með þeim afleiðingum að hópbónusinn lækkar (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 1995). Ofanefnd rök um að „konur séu hæfari“ eru því vanvirðing við verkunnáttu fiskverkakvenna og stuðla að því að þær festist í störfum sem eru vegna einhæfninnar óheppileg fyrir líkama og sál og stuðlar að aukinni firringu eða vanlíðan starfsfólks (Blauner, 1964; Bonde o.fl., 2005; Karasek og Theorell, 1990, 2000; Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 2001).

Ýmsir hafa bent á að þegar hefðbundin karlastörf krefjast nákvæmni, einbeitingar og fingralipurðar þyki slíkt bera vott um verkunnáttu og reynslu sem meta þurfi sérstaklega. Þegar slíkt hið sama gildir um hefðbundin kvennastörf er vísað til meðfæddra hæfileika og þar af leiðandi er það ekki umbunar vert (Gunnarsson og Ressner, 1985; Unnur Dís Skaptadóttir og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 2000). Þetta sést í hnotskurn í fiskvinnslunni.

Rannsókn Guðbjargar Lindu Rafnsdóttur (1995) við lok síðustu aldar sýndi fram á að aldursdreifingin í fiskvinnsluhúsum endurspegladi almennt launamisrétti kynjanna. Bent var á að í fiskvinnsluhúsum eru ýmist ungir strákar, sem ekki hafa stofnað fjölskyldu, eða eldri karlmenn. Ástæðan er sú að á því skeiði lífsins, þegar karlar stofna fjölskyldu og koma sér efnahagslega fyrir í lífinu, þá yfirgefi þeir fiskvinnsluhúsið og fara í önnur betur launuð störf. Þau geta verið vinna við uppskipun, á togara eða annað sem býðst. Konurnar eiga hins vegar ekki í önnur störf að venda sem gefa þeim jafn miklar eða meiri tekjur en fiskvinnslustörfin. Þótt hópbónuskerfið geri það að verkum að karlar og konur í fiskvinnslunni hafi sömu laun þá fá ófaglærðar konur óvíða hærri laun en í fiskvinnsluhúsum en ófaglærðir karlar geta gengið í önnur betur launuð störf, bæði til lands og sjávar.

Við lok síðustu aldar var meðalvinnutími karla í fiskvinnslu lengri en meðalvinnutími kvenna samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni og frá stéttarfélögum. Þó voru mælingar á vinnutíma gagnrýndar þar sem þær vanmátu heildarvinnutímamann ef einstaklingur var í tveimur eða fleiri störfum eins og algengt var meðal fiskvinnslukvenna á þessum tíma (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 1995). Í viðtölum, sem voru tekin við fiskvinnslukonur, kom fram að þær treystu því ekki að þær fengju að jafnaði nægilega mikla yfirvinnu í fiskinum og því réðu þær sig í fasta aukavinnu utan fiskvinnslunnar, til dæmis við að þrifa á kvöldin og um helgar, fremur en að vera aðeins í einu starfi. Auk þess kom það oft fjölskyldunni betur í stærri byggðarlögum að konurnar færðu sig nær heimilinu á kvöldin, þrifu til dæmis fyrirtæki í eigin íbúðahverfi og gátu þá jafnvel haft börnin með sér í vinnuna (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 1995).

Með aukinni menntun millistjórnenda og herra tæknistigi í fiskvinnsluhúsum hefur sérhæfingin aukist og starfsmenn hafa æ minni möguleika á að vinna sig upp í stjórnunarstöður. Þeir sem gegna þessum stjórnunarstörfum eru nær eingöngu Íslendingar (Unnur Dís Skaptadóttir og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 2000).



## Erlent starfsfólk

Þótt erlent starfsfólk hafi lengi unnið við fiskvinnslu hér á landi hefur því fjölgað talsvert frá árinu 1990 á sama tíma og þessum störfum hefur fækkað (Stefán Ólafsson, 1997; Unnur Dís Skaptadóttir, 2004). Á undanförunum árum hefur flest erlent starfsfólk komið frá löndum þar sem atvinnuleysi er hátt, t.d. Póllandi. Reyndar benti Unnur Dís Skaptadóttir (2004) á að upp úr síðustu aldamótum starfaði fólk frá meira en 30 þjóðlöndum í fiskvinnslu. Í könnun, sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Fjölmenningsasetur gerðu sumarið 2007 meðal starfsfólks sjö fiskvinnsluhúsa á Vestfjörðum, kom í ljós að langstærsti erlendi hópurinn kom frá Póllandi. Annar stærsti hópurinn kom frá Taílandi og sá þriðji stærsti frá Filippseyjum. Um ástæður þess að fólk flutti til landsins gáfu flestir það svar að hafa komið til að stunda vinnu eða 64%, 13% vegna tengsla við annað fólk, 9% af forvitni, 5% vegna sambúðar eða giftingar og 9% gáfu önnur svör. Um fjórðungur hópsins sagðist þegar hafa ákveðið að búa á Íslandi til frambúðar við komuna hingað (Kristín Erla Harðardóttir, 2007).

Unnur Dís Skaptadóttir (2004) bendir á að flest erlent starfsfólk hafi flust til þeirra sjávarþorpa sem „heimamenn“ hafi flutt mest frá. Er nú svo komið í mörgum fiskvinnsluhúsum að stór hluti starfsfólks talar litla íslensku. Í viðtölum, sem voru tekin um síðastliðin aldamót við Pólverja á Vestfjörðum í tengslum við rannsókn um áhrif tækni á vinnuskipulag og líðan starfsfólks í fiskvinnslu, kemur fram að margir líta svo á að þeir séu í eins konar útleigð á Íslandi (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 2001). Þannig eru þeir tilbúnir til að lifa ákveðnu meinlætaliði meðan á dvöl þeirra stendur. Meginmarkmið vinnunnar hér á landi er að geta lifað betra lífi þegar þeir snúa aftur heim til Póllands. Þeir eru því tilbúnir til að leggja hart að sér meðan á dvölinni stendur og vilja ekki ógna atvinnuleyfi sínu, sem á þessum tíma var oftast bundið atvinnurekandanum, með því að tjá sig um hugsanleg réttindamál sín, vinnuumhverfi eða annan aðbúnað. Þessi afstaða þeirra er vel metin af ýmsum stjórnendum fyrirtækjanna. Eftirfarandi er tilvitnun í viðtal við verkstjóra sem ber saman íslenska og pólska starfsmenn:

Það er mun betra að vera með pólskt vinnuafli en íslenskt. Íslendingarnir eru sífellt kvartandi og kveinandi. Pólverjarnir koma til landsins með vasana fulla af töflum sem þeir taka ef þeir verða veikir svo þeir þurfi ekki að fá frí frá vinnu. Þeir taka sér í raun og veru aldrei frí. Ég veit ekki hvort Íslendingar halda að það sé eitthvað betra að vinna í Hagkaup (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 2001 bls. 46–47).

Unnur Dís Skaptadóttir (2004) vitnar í stjórnanda sem segist hafa hvatt erlent starfsfólk til að fá fjölskylduna til að flytja til Íslands og setjast hér að þar sem fjölskyldufólk hafi góð áhrif á samfélagið. Víða hafa bæjar- og sveitarstjórnir lagt sig fram um að taka vel á móti aðkomufólki og fjölmenningsarhátíðir hafa verið haldnar reglubundið til að vekja athygli á jákvæðum áhrifum erlends starfsfólks á líf og menningu hér á landi. Á Vestfjörðum hefur Fjölmenningsasetur verið opnað, sem „býður fólki af erlendum uppruna þjónustu, hvar sem er á landinu og stuðlar að fræðslu um mannréttindi og vinnur gegn fordómum vegna litarháttar, þjóðernisuppruna, tungu eða trúarbragða“ (Fjölmenningsasetur, e.d).

## Áhrif nýrrar tækni í fiskvinnslu

Störf í fiskvinnslu hafa tæknivæðst töluvert og er sjálfvirknin orðin mikil í þeim fyrirtækjum sem hafa fjárfest hvað mest í hátækni. Þessar tækniframfarir hafa haft í för með sér aukna framleiðni og bætt að ýmsu leyti vinnuumhverfi og vinnuáæstæður starfsfólks.

Rannsóknir, sem gerðar hafa verið á áhrifum sambærilegrar tækni á skipulag vinnunnar, sýna að tæknin hefur aukið vinnuhraða og einhæfni auk þess sem vinnan er í auknum mæli skipulögð þannig að starfsmenn hafa ekki stjórn á vinnuferlinu og tilhögun vinnunnar (Kalleberg, 2011; Karasek og Theorell, 1990, 2000). Orsakanna er oft að leita í þeirri stjórnunarstefnu að tæknin er látin stýra vinnuferlinu til þess að auka skilvirkni í framleiðslunni, óháð því hvað hentar starfsfólki best. Gravesgård (1995) bendir á að tilteknir þættir, sem viðkoma vinnuskipulaginu, hafa oft neikvæð áhrif á líðan starfsfólks. Þar má t.d. nefna:

- Þegar vélar stýra vinnuhraðanum og ákvarða vinnuaðferðirnar.
- Þegar störfín eru einhæf og síendurtekin og krefjast takmarkaðrar kunnáttu eða færni af starfsmönnum.
- Þegar störfín takmarka möguleika á samskiptum fólks á vinnustaðnum.
- Þegar um ákvæðisvinnu eða sambærilegt launakerfi er að ræða sem hefur í för með sér andlegt álag og jafnvel takmarkað öryggi.
- Þegar stjórnunin einkennist af einræði og nákvæmu eftirliti, jafnvel með tölvukerfum. (Gravesgård, 1995, bls. 117)

Allt eru þetta þættir sem einkenna vinnuskipulag í fiskvinnsluhúsum hér á landi, einkum „nú tímalegum“ húsum þar sem fjárfest hefur verið í nýjustu tækni á sviði framleiðslunnar. Unnur Dís Skaptadóttir og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir (2000) fjalla nokkuð ítarlega um tækniþróun í fiskvinnslunni í grein sem kom út um síðastliðin aldamót. Þær benda á að í fiskvinnsluhúsum, þar sem afurðavinnslan er einna tæknivæddust, stimpli konur sig inn í sérstakt hólfi við framleiðslulínuna sem er beintengd rafrænum siritamæli sem sendir stöðugt upplýsingar í tölvur um afköst hvers einstaklings. Þessum upplýsingum geta tölvurnar með einföldum skipunum breytt í línu- og súlurit þar sem afköst einstaklinga eru skoðuð yfir tiltekin tímabil og þau borin saman innbyrðis. Hlutverk verkstjórans hefur því æ meira orðið að bregðast við því sem hann les út úr tölulegum upplýsingum á tölvuskjá fremur en að vera í beinum samskiptum við starfsmenn. Almenn regla í hátækni húsunum hefur verið sú að niðurstöður afkastamælinganna eru birtar þrisvar á dag á tiltekinni auglýsingatöflu þannig að hver starfsmaður við framleiðslulínuna getur séð afköst sín og borið þau saman við afköst annarra. Þetta vinnufyrirkomulag, þar sem starfsmenn eru beintengdir siritum er mæla afköst og vinnuferla, verður æ algengara, ekki einungis í fiskiðnaði heldur einnig í fyrirtækjum á sviði verslunar og þjónustu. Á þann hátt minna starfsmenn æ meira á fangana í hugmynd Jeremys Bentham sem Foucault (1975) fjallar um. „Hið alsjáandi auga“ eða Panoptikum verður til þess að stjórnendur þurfa æ minna að stjórna. Vitneskja starfsfólks (einkum kvenna) um að það sé sítegt mælum, sem stöðugt fylgjast með þeim, fær starfsfólkið til að halda sér að verki. Þessi tækni dregur hins vegar úr sjálfræði starfsfólks og þeirri tilfinningu að þeim sé treyst (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Margrét Lilja Guðmundsdóttir, 2004).

Klassískir kennismiðir eins og Marx og Engels (McLellan, 1977) og Blauner (1964) skrifuðu um mikilvægi sjálfræðis og persónulegs svigrúms í starfi til þess að fyrirbyggja vanlíðan starfsmanna. Þessum fræðum hefur vaxið fiskur um hrygg á síðustu árum vegna breyttrar vinnutilhögunar samfara aukinni vélvæðingu og ný hugtök hafa komið til sögunnar. Nú er æ meira fjallað um *kulnun* (e. *burn-out*) og *streitu* starfsfólks þegar þeim tilfinningum er lýst sem Marx kallaði fíringu. Tæknihyggjan, sem einkennir nútíma vestræn þjóðfélög (Castells, 2000; Páll Skúlason, 1998; Wajcman, 2004), hefur einnig blásið nýju lífi í svokallaða vísindalega stjórnun vinnunnar og með aukinni vélvæðingu og sjálfvirkni má víða

sjá aukna áherslu á tímamælingar og vinnufyrirkomulag í anda þess sem Frederick Taylor boðaði í byrjun tuttugustu aldarinnar (Morgan, 1997).

Þetta leiðir hugann að þekktu líkani sem bandaríski félags- og verkfræðingurinn Robert Karasek þróaði í samvinnu við sænska lækninn Töres Theorell. Líkanið, sem nefnist *kröfu-/sjálfræðismódelið* (e. *demand/control model*), lýsir því að miklar kröfur til starfsmanns, sem hefur takmörkuð áhrif á sjálfræði, það er framkvæmd og skipulag vinnu sinnar, geti valdið of miklu félagslegu og andlegu álagi sem aftur getur leitt til vanlíðunar og jafnvel heilsutjóns. Frekari rannsóknir leiddu til þess að áhrifum félagslegs stuðnings á líðan starfsfólks var bætt við þættina kröfur og sjálfræði í líkaninu (Karasek og Theorell, 1990, 2000).

Rannsóknir á líðan starfsfólks í íslenskum fiskvinnslufyrirtækjum (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 2001; Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Margrét Lilja Guðmundsdóttir, 2004) sýna að hið nýja fyrirkomulag vinnunnar í hátækni húsum hefur ákveðin vandamál í för með sér fyrir starfsfólk, einkum fiskvinnslukonur. Þau vandamál stafa meðal annars af aukinni einhæfni, meiri einangrun og minni stuðningi. Á sama tíma og vélvæðing hefur aukist í fiskvinnslunni, hefur hugmyndafræði Taylorismans um aukna hagræðingu og vísindalega stjórnun rutt sér til rúms með aukinni áherslu á stutta verkferla, sjálfvirkni, hámerkun afkasta og tímamælingar (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Margrét Lilja Guðmundsdóttir, 2004; Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Margrét Lilja Guðmundsdóttir, 2011; Morgan, 1997; Þórir Einarsson, 1997). Um leið og þessar breytingar hafa tilætluð jákvæð áhrif á skipulag og afkomu fyrirtækjanna hér á landi sýna rannsóknir að þær hafa einnig í för með sér fjölgun starfa sem fela í sér þekkta áhættuþætti, svo sem einhæf og síendurtekin verkefni, fá tækifæri fyrir frumkvæði starfsfólks og takmarkað sjálfræði. Afleiðingarnar eru minni starfsánægja og glaðværð meðal starfsfólks en meiri vanlíðan. Í rannsókn Guðbjargar Lindu (2001) kom í ljós að starfsfólk, sem sagði að glaðværðin væri lítil innan fyrirtækisins, var líklegra til að hafa fundið fyrir heilsufarslegum óþægindum á síðustu tólf mánuðum en þeir sem sögðu glaðværðina almennt vera mikla. Fiskvinnslukonur, sem unnu í hátæknivæddum fiskvinnsluhúsum, höfðu minnst sjálfræði, gátu síst dregið úr vinnuhraðanum án þess að það hefði neikvæð áhrif á launin og gátu síður en annað starfsfólk haft áhrif á eigið verkefnaval. Ólíklegra var að starfsfólk hátækni húsa segðist vera haft með í ráðum um fyrirkomulag vinnunnar en starfsfólk annarra fiskvinnsluhúsa. Vinnuskipulagið í hátækni húsunum dró úr möguleikum starfsfólks til innbyrðis samskipta sem og samskipta við stjórnendur (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 2001; Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Margrét Lilja Guðmundsdóttir, 2004).

Af framansögðu má ljóst vera að þótt breytingar á vinnuumhverfinu í þeim fiskvinnsluhúsum, sem eru einna tæknivæddust, hafi fært ýmislegt til betri vegar þá hafa breytingar, sem gerðar hafa verið á ýmsum verkferlum og skipulagi vinnunnar, leitt til aukins andlegs og félagslegs álags á starfsfólk. Lögð er áhersla á að brjóta hvert viðfangsefni niður í smáar, sérhæfðar einingar þannig að fólk verði sérfræðingar á sínu litla sviði. Þetta hefur jafnframt í för með sér að þekking á framleiðsluferlinu verður brotakennd. Einfaldara er að ráða starfsfólk til einhæfra starfa því auðvelt er að kenna nýju fólki svo takmarkað handverk. Fræðimenn hafa þó lengi bent á að um leið og störfin verða einhæfari og sérhæfðari þá verða þau jafnframt innihaldsrýrari, óheilsusamlegri og minna áhugaverð (Blauner, 1964; Frankenheuser, 1990; Guðbjörg Linda Rafnsdóttir and Margrét Lilja Guðmundsdóttir, 2011; Karasek og Theorell, 1990, 2000). Slíkt virðist hafa gerst í fiskvinnslunni.

Í viðtölum við stjórnendur þriggja hátækni fiskvinnsluhúsa kom í ljós að niðurstöður fyrrgreindrar rannsóknar, sem sýndu aukið andlegt og félagslegt álag starfsfólks í hátækni húsunum, komu þeim ekki á óvart. Þeir töldu að niðurstöðurnar endurspegluðu „eðlí“ tækninnar. Þeir bentu á að með tilkomu hátækninnar væri farið mjög skipulega í gegnum

vinnubrögð starfsmanna og teknar burtu allar óþarfa hreyfingar og handtök. Einnig kom fram að eðli tækninnar væri þannig að starfsfólk einangraðist í vinnunni. Stjórnendurnir voru þannig sammála um að aukin tækni, meira eftirlit og einhæfni starfa kæmi óhjákvæmilega fram í auknu andlegu álagi hjá starfsfólki: „Kerfið ýtir á þig, þú hefur ekkert val og þú ert í miklu minna samneyti við næstu manneskju,“ sagði einn stjórnandinn. Annar taldi að aukið einstaklingseftirlit gæti verið aðalorsökin fyrir auknu andlegu álagi í hátæknihúsunum, því – eins og hann orðaði það: „Nú veit fólk að það er verið að fylgjast með því.“ Stjórnendur sögðu það einnig staðreynd að mannleg samskipti minnkuðu með tilkomu nýrrar tækni, tölvur gegndu stærra hlutverki og verkstjórinn talaði minna við starfsfólkið. Einn stjórnendanna orðaði það svo að oft væri starfsmaðurinn „í mestu samneyti við útvarpshlífina sína. Samneyti starfsmanns við aðra starfsmenn verður þannig ekkert nema í matar- og kaffipásunum“. Viðmælendurnir voru þeirrar skoðunar að samskipti starfsfólks væru mikilvæg en þeir töldu að nýjustu tækniframfarir í fiskvinnslu ynnu gegn þeim (Gudbjörg Linda Rafnsdóttir og Margret Lilja Gudmundsdóttir, 2004).

## Niðurlag: Veiðimenn og vélmenni

Pólítískar ákvarðanir um stjórnun fiskveiða síðastliðna áratugi hafa haft í för með sér umtalsverðar breytingar fyrir fiskvinnsluna auk þess sem þær hafa haft áhrif á búsetuþróun. Þótt virðing sjómanna hafi ávallt helgast af stöðu þeirra í áhöfn skipa og af fengsæld fiskiskipanna þá hefur kvótakerfið breikkað bilið á milli sjómanna innbyrðis og aukið efnahagslega misskiptingu þeirra sem lifa af sjávarútvegi. Auk breytinga vegna stjórnunar fiskveiða hefur sjávarútvegurinn gengið í gegnum stórfelldar tæknibreytingar bæði á sjó og landi.

Kvótakerfi í íslenskum sjávarútvegi er hluti af mikilvægri pólítískri stefnu um nýtingu auðlinda sjávar þar sem orðræða útgerðarmanna, stjórnámalamanna og hagfræðinga ræður ríkjum og þar sem konur eru varla til. Stefnan er þó sett fram sem hlutlaus og skynsöm, til þess fallin að auka hagkvæmni og hagræðingu og til að vernda vistkerfið. Af þeim rannsóknnum, sem ræddar voru hér að framan, má þó sjá að hver ákvörðun, sem tekin er varðandi framkvæmd fiskveiðistefnu og hagræðingu í fiskvinnslu, getur haft víðtæk áhrif á samfélögin við sjávarsíðuna og þá einstaklinga sem þar búa. Á sama hátt og gildir um tækninýjungar í fiskvinnslunni þá getur það sem virðist skynsamleg pólítísk stefna út frá sjónarhóli valdhafa gengið í berhöggi við þarfir þeirra einstaklinga sem í hlut eiga. Vandí sjávarútvegsins birtist í því að velferð einstaklinganna hvílir á þeirri forsendu að hagstjórn sé farsæl og framleiðni sem mest. Sú stefna, sem tekin hefur verið til að ná þessum markmiðum, hefur hins vegar þjappað saman eignarhaldi á kvótanum, styrkt sum fyrirtæki, valdið miklu óryggi í rekstri annarra og ýtt undir fólksflóttu frá sjávarþorpum sem hafa orðið halloka í samkeppni um kvótann.

Fáir draga í efa nauðsyn þess fyrir þjóðina alla að styrkari stöðum sé rennt undir fiskvinnslufyrirtækin og fiskveiðiflotann, m.a. með því að innleiða öflugar tækninýjungar sem geta aukið framleiðni og gert störfin öruggari. Þessar breytingar hafa að vissu marki haft tilætluð jákvæð áhrif í för með sér fyrir sjávarútveginn en þeim hafa einnig fylgt ýmiss konar vandamál. Eitt af því sem veldur er tæknileg nauðhyggja sem birtist okkur hvarvetna. Sem dæmi má nefna það viðhorf að ekki sé hjá því komist að fylgja þróun tækninnar án þess að spurt sé hvað henti þeim sem reytingarnar hafa mest áhrif á. Trúin á hagræðingu og hátækni gegnsýrir svo mjög tilveru okkar, að við erum sífellt með hugann við þau gildi sem einkenna hagræðinguna svo sem áreiðanleika, hagkvæmni og áhrifamátt án þess að horfa til þátta eins og líðanar starfsfólks.

Við stöndum frammi fyrir þeirri þversögn sem aldrei fyrr að á sama tíma og Íslendingar róma sjávarútveginn, halda um hann glæstar ræður og varpa ljóma á hetjur hafsins og dugnað landvinnslufólks, þá vill helst enginn lengur sinna landvinnslunni. Um það vitna orð fiskvinnslukonu sem vinnur í hátæknivæddu fiskvinnsluhúsi en hún segir í viðtali við höfund um aðbúnaðarmál í fiskvinnslu: „Það ræður sig enginn til starfa í fiskvinnslu nú til dags með öðru hugarfari en að stoppa stutt við enda er einhæfnin svo mikil að við erum allar að breytast í vélmenni.“

## Heimildaskrá

- Agnar Helgason og Gísli Pálsson. (1998). „Cash for quotas: Disputes over the legitimacy of an economic model of fishing in Iceland“. Í J. G. Carrier og D. Miller (ritstjórar), *Virtualism* (bls. 117-134). Oxford: Berg.
- Atli Hafþórsson (2017). Áhrif skipstjóra á aflasæld. Mannauður, tæknibreytingar og skilvirkni á uppsjávarveiðum. Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félags- og mannvísindadeild, námsbraut í félagsfræði.
- Blauner, Robert. (1964). *Alienation and Freedom: The Factory Worker and his Industry*. Chicago: University of Chicago Press.
- Bonde, J. P., Mikkelsen, S., Andersen, J. H., Fallentin, N., Bælum, J., Svendsen ... (2005). Understanding work related musculoskeletal pain: Does repetitive work cause stress symptoms? *Occup Environ Med*, 62, 41–48. doi:10.1136/oem.2003.011296
- Castells, M. (2000). *The Rise of the Network Society* (2. útgáfa). Malden, Massachusetts: Blackwell Publishers.
- Davis, D. L. og Nadel-Klein, J. 1992. Gender, culture and the sea: Contemporary theoretical approaches. *Society and Natural Resources*, 5, 135–147.
- Einar Eyþórsson. (1996a). Theory and practice of ITQs in Iceland: Privatization of common fishing rights. *Marine Policy*, 20, 269–281.
- Einar Eyþórsson. (1996b). Coastal communities and ITQ management: The case of Icelandic fisheries. *Sociologia Ruralis*, 36, 212–223.
- Foucault, M. (1975). *Discipline and Punish*. New York: Pantheon.
- Frankenheuser, M. (1990). *Stress en del av livet*. Värnamo: Brombergs Bokförlag.
- Fjölmenningarsetur. (e.d.). Sótt 9. desember 2017 af <http://www.isafjordur.is/fjolskyldan/nybuar/>
- Gallup. (2004). *Þjóðarpúls*, 9 (12). Reykjavík, IMG.
- Gestur Guðmundsson. (1993). Den islandske model. Dens storhedstid 1940–1980 og de aktuelle omstillingskrav. *Fiskerisamfund – hvilke veje?* Nord, 27.
- Gísli Pálsson and Durrenberger, P, E. (1982). To dream of fish: The causes of Icelandic skipper's fishing success. *Journal of Anthropological Research*, 38 (2) 227–242.
- Gísli Pálsson. (1989). Hugboð eða hyggjuvit? Ákvarðanir íslenskra skipstjóra. *Íslensk félagsrit*, 1, 53–71.
- Gísli Pálsson og Agnar Helgason. (1995). Figuring fish and measuring men: The individual transferable quota system in the Icelandic cod fishery. *Ocean and Coastal Management*, 28, 1–3, 117-146
- Gísli Pálsson. (1998). Learning by fishing: practical engagement and environmental concerns. Í F. Berkes og C. Folke (ritstjórar), *Linking Social and Ecological Systems* (bls. 48-66). Cambridge: University Press.
- Gravesgård, J. [1995]. *Psykisk arbeidsmiljø – en veiledning*. Ósló: Tiden Norsk Forlag.

- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir. (1995). *Kvinnofack eller integrering som strategi mot underordning: Diskussion kring kvinnliga fackföreningar på Island*. Lund: Lund University Press.
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir. 1997. Valkyrjur eða ambáttir? Sjálfsbjargarviðleitni íslenskra kvenna. Í Helga Kress og Rannveig Traustadóttir (ritstjórar), Íslenskar kvennarannsóknir (bls. 130–135). Reykjavík: Háskóli Íslands og Rannsóknarstofa í kvennafræðum.
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir. (2001). *Hér liggur fiskur undir steini: Um áhrif tækni á vinnuskipulag og líðan fólks í fiskvinnslu*. Reykjavík: Sjávarútvegsstofnun Háskóla Íslands.
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Margret Lilja Guðmundsdóttir. (2004). New technology and its impact on well-being. *WORK: A Journal of Prevention, Assessment & Rehabilitation*. 22(1), 31–39. Sótt 1. október 2015 af <http://www.deepdyve.com/lp/ios-press/new-technology-and-its-impact-on-well-being-CWWmNuYj0K>
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Margrét Lilja Guðmundsdóttir. (2011). The EPM technology and the psychosocial work environment. *New Technology, Work & Employment*, 26(3), 210–221. Sótt 20. október 2015 af <http://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/j.1468-005X.2011.00270.x/pdf>
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Unnur Dís Skaptadóttir (1997). Arbetsnorm, kön och kunskap inom fiskeriet. *Sociologisk forskning*, 3, 46–58.
- Gunnarsson, E. og Rensner, U. (1985). *Fruktimmögöra. Kvinnor på kontor och verkstadsgolv*. Stokkhólmi: Prisma.
- Hagstofa Íslands. (e.d.). *Sjávarútvegur*. Sótt 3. nóvember 2015 af <http://hagstofa.is/talnaefni/atvinnuvegir/sjavarutvegur/>
- Hulda Ólafsdóttir, Ólöf Anna Steingrimsdóttir og Vilhjálmur Rafnsson. (1993). Óþægindi frá stoðkerfi meðal fiskvinnslufólks. *Læknablaðið*, 79 (1), 29–35.
- Hulda Ólafsdóttir og Vilhjálmur Rafnsson. (1994). Hefur flæðilínan minnkað álagseinkenni meðal fiskvinnslufólks? *Læknablaðið*, 80, 80, 30.
- Husmo, M. (1993). „Drömmen om att bli fiskeköper. Om rekuttering til ledelse og kvinners lederstil i norsk fiskeindustri. *NFFR-rapport*. Norges Fiskerihøgskole, Universitetet Tromsø.
- Ingi Eðvarðsson, Tingley, D., Conides, A. J., Drakeford, B. og Holm, D. (2011a). Fishermen's risk perception in four European Countries. *Mast*, 10(1), 139–159.
- Ingi Eðvarðsson, Tingley, D., Asmundsson, J., Conides, A. J., Drakeford, B. og Holm, D. (2011b). Management Systems and Risk Perception among Fishermen in Iceland, Faroe Islands, and UK. *International Journal of Humanities and Social Science*, 1(4), 31–41.
- Kalleberg, A. L. (2011). *Good Jobs, Bad Jobs: The Rise of Polarized and Precarious Employment Systems in the United States, 1970s–2000s*. New York: Russell Sage Foundation, American Sociological Association Rose Series in Sociology.
- Karasek, R. A. og Theorell, T. (1990). *Healthy Work: Stress, Productivity, and the Reconstruction of Working Life*. New York: Basic Books.
- Karasek, R. A. og Theorell, T. (2000). The demand-control-support model and CVD stressors at the workplace: Theoretical models. *Occupational Medicine: State of The Art Reviews*, 15(1) 78–83.
- Kristín Erla Harðardóttir. (2007). *Könnun á viðhorfum starfsfólks í fiskvinnslu á norðanverðum Vestfjörðum*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Sótt 5. nóvember 2015 af <http://www.mcc.is/media/frettir/konnun-fiskvinnsla.pdf>



- McLellan, D. (1977). *The Thought of Karl Marx*. London: The Macmillan Press.
- Merton, R. K. (1973). *The Sociology of Science: Theoretical and Empirical Investigation*. Chicago: University of Chicago Press.
- Morgan, G. (1997). *Images of Organization* (2. útgáfa). London: Sage Publications.
- Páll Skúlason. (1998). *Umhverfing: Um siðfræði umhverfis og náttúru*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- R. Hulda Proppé. (2002). *Konurnar og kvótinn: Kynhugmyndir og upplifun kvenna af orðræðu og auðlindastefnu í sjávarútvegi* (MA-ritgerð í mannfræði). Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Reglugerð nr. 175/2008 um skipstjórnar- og vélstjórnarréttindi á fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum.
- Schaufeli, W. og Enzmann, D. (1998). *The Burnout Companion to Study & Practice: A Critical Analysis*. London: Taylor and Francis.
- Stefán Ólafsson. (1997). *Búseta á Íslandi: Rannsókn á orsökum búferlaflutninga*. Reykjavík: Byggðastofnun.
- Tinna Kristbjörg Halldórsdóttir og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir. (2012). Er álið málið? Samfélagsbreytingar og atvinnumöguleikar kvenna á Austurlandi. *Stjórnmal og stjórnsýsla*, -2(8), 451–468. Sótt 29. október 2015 af <http://www.stjornmalogstjornsysla.is/wp-content/uploads/2012/12/a.2012.8.2.13.pdf>
- Unnur Dís Skaptadóttir. (1997). Breytingar í sjávarbyggðum: Sýn kvenna. Í Gísli Pálsson, Haraldur Ólafsson og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir (ritstjórar), *Við og hinir. Rannsóknir í Mannfræði* (bls. 173-187). Reykjavík: Mannfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Unnur Dís Skaptadóttir og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir. (2000). Gender construction at work in Icelandic fish plants. *Nora*, 8(1), 5–16. <http://www.tandfonline.com/doi/abs/10.1080/080387400408026>
- Unnur Dís Skaptadóttir. (2000a). Sæmd er hverri þjóð að eiga sægarpa enn: Hafíð í sjálfsmýnd Íslendinga. *Frændafundur 3* 80–90. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Unnur Dís Skaptadóttir. (2000b). *Coping with a Changing Economy in Northern Localities: An Icelandic Case Study* (Smárit nr. 5/2000). Klakksvík: Center for Lokal and Regional Development.
- Unnur Dís Skaptadóttir. (2004). Responses to global transformations: Gender and ethnicity in resource-based localities in Iceland. *Polar Record*, 40 (3), 1-7
- Wajcman, J. (2004). *Techno Feminism*. Cambridge, Englandi: Polity Press.
- Þórir Einarsson. (1997). Guðmundur Finnbogason og vinnuvísindin. Í Jóhann Hauksson (ritstjóri), *Hugur ræður hálfri sjón* (bls. 58–77). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Þóroddur Bjarnason. (2012). Hagsmunir íslenskra sjávarbyggða við endurskoðun fiskveiðistjórnunar. *Tímarit um viðskipti og efnahagsmál*, 9(2). DOI:<https://doi.org/10.24122/tve.a.2012.9.2.3>
- Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson. (1993). In defense of a folk model: The “skipper effect” in the Icelandic cod fishery. *American Anthropologist*, 95, 371–394.
- Þórólfur Þórlindsson. (1994). Skipper science: A note on the epistemology of practice and the nature of expertise. *Sociological Quarterly*, 35(2), 329–345. DOI:10.1111/j.1533-8525.1994.tb00413.x
- Þórólfur Þórlindsson. (1988). The skipper effect in the Icelandic herring fishery. *Human Organization*, 47(3), 199–212. <https://doi.org/10.17730/humo.47.3.1584t42x24702552>

## Um höfund

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir er prófessor í félagsfræði við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands. Hún lauk B.A.-prófi í þjóðfélagsfræði frá Háskóla Íslands árið 1984, M.A.-prófi í félagsfræði frá Lúndarháskóla í Svíþjóð og doktorsprófi frá sama skóla árið 1995. Rannsóknir hennar eru meðal annars á sviði félagsfræði atvinnulífs, vinnuskipulags, vinnutengdrar heilsu, kynjabundins vinnumarkaðar, kynjakvóta, upplýsinga- og samskiptatækni og persónuverndar. Einnig hefur hún komið talsvert að rannsóknum á velferðarmálum í vestnorrænu löndunum; Íslandi, Færeyjum og Grænlandi.